

Hjörleifur Guttormsson
Vatnsstíg 21
101 Reykjavík

23. janúar 2014

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/904
komudagur 27.1.2014

Til nefndasviðs Alþingis
Alþingi

Umsögn um mál 202, Þingsályktunartillögu um flutning stjórnisýslu um málefni hreindýra.

Ég tel vafasamt að slíta tengsl veiðistjórnunar á hreindýrum frá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar.

Þess misskilnings gætir í greinargerð með tillögunni að veiðieftirlit með hreindýrastofninum hafi að miklu leyti verið flutt úr heimabyggð. Eftirlit með stofninum, þ.e. vöktun og rannsóknir, heyrir nú undir Náttúrustofu Austurlands og er því í heimabyggð. Einnig sér Náttúrustofa Austurlands um mat á ágangi af völdum hreindýra, en slíkt mat er stærsti þátturinn þegar reiknaður er út arður til landeigenda. Það sýnist mér eðlilegt fyrirkomulag.

Hreindýraráð skipa einstaklingar, sem sinna málum þess í hjáverkum og ráðið hefur engan starfsmann. Sérþekking er sótt til Umhverfisstofnunar, þar sem allmargir koma að málum auk starfsmanns sem er með fangið fullt af verkefnum. Ekki hafa verið færð fyrir því sannfærandi rök að núverandi skipulag hamli góðri stjórnisýslu hvað stofninn áhrærir, þ.e. samspil hreindýraráðs, Náttúrustofu Austurlands og Umhverfisstofnunar. Þar sem hér koma fjárhagsleg mál við sögu er líka kostur að varðveita ákveðna fjarlæg frá vettvangi eins og nú er.

Boðleiðir stytast ekki eins og gefið er í skyn, verði farið að tillögunni. Nú eru þær frá landeiganda til Umhverfisstofnunar (starfsmaður hennar er á Egilsstöðum) og þaðan til ráðherra. Samkvæmt tillögunni yrði boðleiðin landeigandi – hreindýraráð – ráðherra.

Þá má minna á að fleiri dýrastofnar en hreindýr eru nú bundnir við einstök landsvæði, svo sem haförninn.

Niðurstaða mín er sú að varlega eigi að fara í að breyta núverandi fyrirkomulagi, en æskilegt gæti verið að styrkja starfsemi Umhverfisstofnunar í héraði.

Virðingarfyllst

Hjörleifur Guttormsson